



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

## **Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Arionbanka, Rvk. 05. september 2020 kl. 12:10-12:30.**

(Fundur nr. 1. frá Reykjavík)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Valgerður Auðunsdóttir, Björn Traustason og Aðalsteinn Sigurgeirsson, Þuríður Yngvadóttir, Jens B. Baldursson og Brynjólfur Jónsson (sem tók niður fundargerð að þessu sinni).

Að loknum Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var í Reykjavík tók við stuttur stjórnarfundur þar sem stjórnin skipti með sér verkum.

### **1. Stjórn**

M.a. ákveðið að Jens taki við sem gjaldkeri stjórnar af Laufey Hannesdóttur fráfarandi stjórnarmanni, Aðalsteinn verður áfram ritari og Þuríður áfram varaformaður.

### **2. Alyktun**

Þá var einnig ákveðið að ályktun sem Aðalfundurinn samþykkti frá Þorsteini Tómassyni yrði við fyrsta tækifæri beint til Skógræktarinnar en jafnframt send á Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Matvælastofnun-MAST.

### **3. Dagskrá stjórnar**

Dagskrá fram að áramótum ákveðin.

Stjórnarfundir verða mánudaginn 12. október, 9. nóv. og 14. des, sem sagt annan mánudag hvers mánaðar. Fundirnir hefjast kl. 17:00 nema annað sé ákveðið. Rætt um að hafa næsta fund (12.okt.) að Bugum í Ölfusi hjá Aðalsteini og hugsanlega skoða Hafnarsand. Þá var rætt um jólafögnuð SÍ og kæmi mánudagurinn 28. des. helst til greina.